

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um álit umboðsmanns Alþingis um að hreyfihamlaðir megi leggja í almenn stæði á göngugötum (US210310).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 3. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fyrirspurn Flokks fólksins um viðbrögð skipulags- og samgönguráðs við álit umboðsmanns Alþingis um að hreyfihamlaðir megi leggja í almenn stæði á göngugötum.

Hefur Reykjavík beint fyrirmælum til Bílastæðasjóðs um að breyta verklagsreglum í kjölfar álits Umboðsmanns Alþingis um að ekki væri heimilt að sekta vegna bifreiða sem lagðar eru í merkt stæði á göngugötum ef um er að ræða handhafa stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða?

Stendur til að bregðast við álit umboðsmanns með því að hætta að sekta fyrir slík tilvik eða verður brugðist við álitinu á annan hátt?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 1. desember sl.

Svar við fyrirspurn:

Í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 10996/2021, hefur verklagi hjá bílastæðasjóði verið breytt til samræmis við niðurstöðu álitsins. Ekki eru nú lögð gjöld á handhafa stæðiskorta hreyfihamlaðra á göngugötum, ef lagt er á svæði þar sem áður hafa verið afmörkuð eða merkt stæði og þau ekki verið fjarlægð með fullnægjandi hætti.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri